

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 676/2003

frá 14. apríl 2003

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1334/2001 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. r. og 9. gr. r,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2001 frá 2. júlí 2001 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni í fódri ⁽³⁾ var, með fyrirvara um skilyrði sem kveðið er á um í þeirri reglugerð, veitt bráðabirgðaleyfi fyrir því að nota aukefnið kalíumdíformat sem aukefni í fódri.
- 2) Í tilskipun 70/524/EBE er þess krafist að leyfi fyrir vaxtarhvata séu tengd þeim aðila sem ber ábyrgð á því að setja þá í dreifingu.
- 3) Framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt að sá aðili, sem var ábyrgur fyrir því að setja aukefnið kalíumdíformat í dreifingu, sé hættur og aðilinn, sem er ábyrgur fyrir dreifingu nú, sé BASF Aktiengesellschaft.

4) Aðilinn, sem er ábyrgur fyrir því að setja þetta aukefni í dreifingu, hefur lagt fram ný gögn í því skyni að fá samþykki fyrir hærri hámarksstyrk aukefnisins í fódri.

5) Vísindanefndin um fóður hefur sent frá sér jákvætt álit að því er varðar öryggi aukefnisins við ný notkunarskilyrði.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1334/2001 í samræmi við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1334/2001 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. apríl 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 180, 3.7.2001, bls. 18.

VIDAUKI

„VIDAUKI

Skráningar-númer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á því að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						(mg af virku innihaldsefni/kg af heilföðrinu)			
Vaxtarhvatar									
1	BASF Aktiengesellschaft α DE RP 1 31401	Kalíumdíformat (Formi™ LHS)	Samsetning aukefnis Kalíumdíformat, fast efni, lág. 98% Sílikat, há. 1,5%, Vatn, há. 0,5% Virkt efni: Kalíumdíformat, fast efni KH(COOH) ₂ CAS-nr. 20642-05-1	Smágrísir (vandir undan)	2 mánaða	6 000	18 000		30.6.2005
				Eldissvín	—	6 000	12 000		30.6.2005“